

Hönnun hljóðvarna í þéttbýli: viðhorf til sjónrænnar upplifunar

Kristín Þorleifsdóttir, Hornsteinum arkitektum ehf.

ÁGRIP

Í þessari rannsókn var sjónum beint að útlitsgæðum hljóðvarna á höfuðborgarsvæðinu.

Á undanförunum árum hefur töluvert verið skrifað um hljóðvist og byggingu hljóðvarna bæði erlendis og hérlendis og hafa flestar vestrænar þjóðir gefið út reglur um hljóðvist og leiðbeiningar um hönnun þeirra. Flestar þessar skýrslur takmarkast hinsvegar við verkfræðileg viðmið fyrir hljóðútreikninga. Mun minna hefur verið skrifað um þá þætti sem snerta sjónræna upplifun þeirra sem aka framhjá slíkum mannvirkjum og þeirra sem búa eða starfa hinum megin við slík mannvirki. Með vaxandi fjölda hljóðvarna af ýmsum gerðum er því mikilvægt að staldra við og leiða hugann að því hvernig mögulegt sé að bæta sjónræn gæði þeirra.

Í rannsókninni var athyglinni beint að útlitsgæðum hljóðvarna almennt. Tólf ólíkar hljóðvarnir voru valdar; sex mismunandi veggir, tvö gróðurbelti og fjórar gras eða grjótmanir. Tvær þessara hljóðvarna voru ófrágengnar.

Gagnaöflun var tvískipt. Í fyrri hlutanum var leitað eftir viðhorfum arkitekta, byggingarverkfræðinga, landslagsarkitekta, skipulagsfræðinga og myndlistarmanna. Tölvupósti með tengli á rafræna viðhorfskönnun sem vistuð var á opnu vefsvæði var dreift til fimm fagfélaga (n=229). Í seinni hlutanum voru viðhorf íbúa sem búa við tilteknar hljóðvarnir könnuð í viðtalskönnun á vettvangi (n=60).

Spurningarnar voru flokkaðar í eftirfarandi fjóra flokka: a) almennar spurningar um þátttakendur, b) spurningar um viðhorf til hljóðvarna almennt, c) spurningar um viðhorf til einstakra hljóðvarna og d) samanburður á hljóðvörnum. Spurningarnar voru ýmist staðlaðar eða opnar.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að fólk tekur almennt nokkuð vel eftir hljóðvörnum og telur útlitsgæði þeirra skipta töluverðu máli. Meirihluti þátttakenda var aftur á móti frekar óánægður með útlitsgæði þeirra. Nokkur munur var á dreifingu eftir kyni og fagfélagi. Konur virðast almennt gera meiri kröfur til sjónrænna gæða en karlar og myndlistarmenn, landslagsarkitektar og arkitektar gera almennt meiri kröfur en skipulagsfræðingar og byggingarverkfræðingar. Jafnframt gefa niðurstöðurnar vísbendingar um að gróðurklæddar manir höfði meira til fólks en ýmiskonar veggir. Miklu máli virðist skipta að mannvirkin falli vel að umhverfinu í kring, að tekið sé tillit til mikilvægra sjónlína og að gott samráð sé haft við íbúa.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er ljóst að huga þarf betur að útlitsgæðum hljóðvarna og þróa aðferðir við greiningu umhverfiseinkenna sem nota má sem viðmið við hönnun hljóðvarna.